



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

FRÉTTAPÓSTUR
Sumar 2026
6. TBL.

Hjartað í HSR



Skýr sýn til framtíðar

PISTILL FORSTJÓRA

Sumarið er tími þar sem mörg okkar staldra við, líta yfir farinn veg og undirbúa næstu skref. Þrátt fyrir að flest fólk njóti verðskuldaðs sumarleyfis heldur heilbrigðisþjónustan áfram allan sólarhringinn, alla daga ársins. Það er eitt af því sem gerir starf heilbrigðisstofnana svo sérstakt. Á bak við hverja opna heilsugæslustöð, hverja heimsókn á bráðamóttöku, hverja vakt á legudeild, hvert sjúkrabílaútkall og hverja vitjun í heimahjúkrun stendur öflugt teymi starfsfólks sem leggur metnað sinn í að veita örugga og góða þjónustu.

Starfsemistölur

Núna á vormánuðum 2026 birtum við ársskýrslu HSU fyrir árið 2025. Skýrslan sýnir glögglega hversu víðtæk og fjölbreytt starfsemin er. Svo nokkrar starfsemistölur séu tíndar til, þá fæddust til dæmis 57 börn á HSU á síðasta ári sem tengdust 3.800 komum í mæðravernd, framkvæmdar voru 16.468 myndgreiningarrannsóknir og 1.114 einstaklingar voru lagðir inn á sjúkradeildir okkar. Þá voru rúmlega 4.100 samskipti við krabbameinslækna og yfir 1.600 viðtöl hjá sálfræðingum.

Mannlegi þátturinn

Þessar tölur skipta máli, en þær segja vitaskuld aðeins hluta sögunnar. Á bak við hverja þeirra er mikilvægur skjólstæðingur sem þurfti á aðstoð að halda og þrautþjálfað og vel menntað starfsfólk sem lagði sig allt fram um að mæta viðkomandi af fagmennsku, hlýju og virðingu. Það er einmitt þessi mannlegi þáttur sem skilgreinir starf HSU eins og annarra heilbrigðisstofnana og hann verður aldrei mældur í töflum eða gröfum. Við greindum þó á vormánuðum frá þeim niðurstöðum þjónustukönnunar hins opinbera, að HSU er meðal þeirra stofnana sem hafa sýnt mestar framfarir milli ára og taldist því til „hástökkvara ársins“.

Ný stefna til 2030

Á árinu var áfram unnið af krafti eftir nýrri stefnu HSU til ársins 2030 þar sem áhersla er lögð á framsækna þjónustu, öflugan og eftirsóknarverðan vinnustað, sterka gæða- og öryggismenningu og ábyrgan rekstur. Sú stefna birtist ekki aðeins í markmiðum á blaði heldur í daglegu starfi starfsfólks okkar, í ákvörðunum sem teknar eru nærri vettvangi og í þeim fjölmörgu verkefnum sem ráðist hefur verið í á árinu.



Dána Óskarsdóttir

Heilbrigðisþjónusta stendur frammi fyrir sífelldum breytingum. Íbúum fjölgar, samfélagið þróast og væntingar til þjónustunnar aukast. Um leið skapast ný tækifæri til að bæta þjónustuna og upplifun fólks af HSU með auknu samstarfi, nýrri þekkingu og skynsamlegri nýtingu nýjustu tækni.

Dýrmæt verkfæri í tækninýjungum

Á síðustu mánuðum höfum við stigið mikilvæg tækniskref. Gervigreind er nú farin að styðja við myndgreiningu og getur hjálpað heilbrigðisstarfsfólki að greina ákveðin bráðatilvik hraðar. Á hjúkrunarheimilinu Móbergi hefur einnig verið tekin í notkun Teton-laussn sem styður við umönnun íbúa og eykur öryggi þeirra. Slík þróun snýst ekki um að tæknin taki við af fólki heldur að hún verði öflugt stoðtæki og dýrmætt verkfæri sem gefur starfsfólki meira svigrúm til þess sem skiptir mestu máli: að sinna mannlegum samskiptum með nærveru og vandaðri umönnun.



Samstarf er rauði þráðurinn

Samstarf hefur einnig verið áberandi sem rauður þráður í starfsemi HSU síðustu mánuði. Hópslysæfing sem haldin var í vor minnti okkur á mikilvægi þess að heilbrigðisstarfsfólk, lögregla, slökkvilið, björgunarsveitir og aðrir viðbragðsaðilar æfi reglulega saman. Þegar raunveruleg áföll verða er enginn tími til að kynnast. Þá þarf samvinna, traust og verklag þegar að vera til staðar. Sama á við um áframhaldandi þróun bráðaviðbragðs í Öræfum þar sem kraftmikið og gefandi samstarf við heimafólk og aðra viðbragðsaðila styrkir öryggi íbúa og þá fjölmörgu ferðamenn sem heimsækja svæðið ár hvert.

Þverfagleg samvinna

Við höfum jafnframt haldið áfram að þróa þjónustu sem byggir á þverfaglegu samstarfi. Verkefnið Kraftmiklir krakkar er gott dæmi um það. Þar vinna ólíkir faghópar saman að því að styðja börn og fjölskyldur á heildstæðan hátt og auðvelda þeim að finna þá þjónustu sem þau þurfa. Slík verkefni minna okkur á að nýsköpun snýst ekki aðeins um tækni heldur einnig um nýjar leiðir til samstarfs í þágu fólksins sem við þjónustum.

Fjölbreytt starfsemi

Þegar ég heimsæki starfsstöðvar okkar, sem spanna allt Suðurland og dágóðan hluta Austurlands, er ég reglulega minnt á hversu ótrúlega fjölbreytt starfsemin er. Á einum stað er tekið á móti nýju lífi, á öðrum sinnt alvarlegum veikindum eða slysum og annars staðar tryggð umönnun og öryggi í daglegu lífi fólks. Verkefnin eru ólík en eiga það sameiginlegt að þar ræður för fagmennska, metnaður og einlægur vilji til að inna gott starf af hendi.

Þakkir á krefjandi tíma

Mig langar að nota þetta tækifæri til að þakka öllu starfsfólki HSU fyrir framlag þess. Sumarmánuðirnir geta verið krefjandi. Ferðamönnum fjölga, álag breytist og margt starfsfólk er í sumarleyfi, en þjónustan þarf eftir sem áður að ganga hnökralaust fyrir sig. Það tekst vegna þess að fólkíð okkar sýnir dag eftir dag ábyrgð, framúrskarandi fagmennsku og mikinn sveigjanleika andspænis kröfuhörðum aðstæðum. Ég vil einnig á sama tíma þakka íbúum umdæmis HSU, sveitarfélögum og öllum samstarfsaðilum fyrir gott samstarf. Heilbrigðisþjónusta verður aldrei sterkari en tengslin sem hún á við samfélagið sem hún þjónar.

Byggt á sterkum grunni

Í þessu tölublaði af Hjartanu í HSU lítum við yfir helstu tíðindi síðustu mánaða og þau fjölmörgu verkefni sem einkenna starfsemi okkar.

Við höldum áfram inn í síðari hluta ársins með skýra sýn og metnað til að efla þjónustuna við íbúa umdæmisins. Markmiðið er óbreytt: að íbúar geti ávallt treyst HSU þegar á reynir. Það traust er verðmætasta eign okkar. ■

Rúmlega 6,7 milljónir til styrktar heimahjúkrun HSU á Selfossi

6.732.729 krónur söfnuðust í styrktarleik milli karlaliða Selfoss og Árborgar í 16-liða úrslitum í Gatorade-bikarnum í fótbolta hinn 8. júlí. Þeir Aron Fannar Birgisson, leikmaður Selfoss og Þorsteinn Daníel Þorsteinsson, leikmaður Árborgar, færðu heimahjúkrun HSU á Selfossi ágóðann.

Leikurinn var sérstakur fyrir þær sakir að Helga Guðmundsdóttir, móðir Arons Fannars, lést skömmu fyrir leikinn. Að ósk Helgu rann allur ágóði leiksins til heimahjúkrunar HSU á Selfossi en það var þjónusta sem hún þurfti að nýta sér í sínum veikindum.

Við styrknum tóku þær Margrét Björk Ólafsdóttir, hjúkrunarstjóri heilsugæslu HSU á Selfossi og Anna Margrét Magnúsdóttir aðstoðarhjúkrunarstjóri heilsugæslu HSU á Selfossi.

Heimahjúkrun á HSU Selfossi þakkar Helgu Guðmundsdóttur, fjölskyldu hennar og öllum þeim sem sem lögðu lið við styrktarleik Selfoss og Árborgar hinn 8. júlí 2026. Það er mikill heiður að þau skuli ánafna heimahjúkrun ágóðanum

og starfsfólkið er orðlaust yfir þeirri upphæð sem safnaðist og þeim þeim stuðningi sem samfélagið sýndi. Þetta er mikil viðurkenning á mikilvægu starfi og kemur þetta framlag til með að efla það enn frekar með tækja- og búnaðarkaupum.

„Þessi styrkur mun reynast starfseminni dýrmætur. Sá mikli stuðningur sem heimahjúkrun HSU hefur fengið í samfélaginu er mikil viðurkenning á því góða starfi sem starfsfólk heimahjúkrunar sinnir á hverjum degi af alúð. Við erum afar þakklát fyrir styrkinn og stolt af starfseminni sem veitir faglega og persónulega heilbrigðisþjónustu á heimili fólks oft á viðkvæmum tímum í lífinu. Hugur okkar er hjá fjölskyldu og nánustu aðstandendum Helgu og sendum við þeim okkar dýpstu samúðarkveðjur,“ segir Dána Óskarsdóttir, forstjóri HSU. ■



Á bak við tjöldin á Þjóðhátíð

Starfsfólk Heilbrigðisstofnunar Suðurlands í Vestmannaeyjum stóð vaktina yfir Þjóðhátíð sem fyrr og tryggði öryggi gesta og íbúa með auknum viðbúnaði, öflugri mönnun og góðu samstarfi við viðbragðsaðila.

Ólíkt venjulegum helgum, þegar einn læknir er á bakvakt, var heilsugæslan opin allan sólarhringinn. Mönnunin byggðist bæði á öflugu heimafólki og starfsfólki HSU auk liðsauka frá Landspítala. Meðal þeirra var hjúkrunarfræðingur frá bráðamóttöku Landspítala, sem kom í þriðja sinn til starfa í sjúkraskýlinu í Herjólfssdal.

Í Dalnum voru sex sjúkraflutningamenn frá HSU við störf og tveir sjúkrabílar til taks. Röntgenþjónusta var á vakt alla helgina og rannsóknarstofa sömuleiðis. Öryggisverðir voru í móttöku allan sólarhringinn og starfsfólk eldhúss sá til þess að starfsfólk hefði aðgang að hressingu og heitum mat allan sólarhringinn. Þá lagði ræstingarfólk sitt af mörkum til að halda aðstöðunni hreinni og snyrtilegri þrátt fyrir mikla umferð.

Um helgina komu um 95 einstaklingar á heilsugæsluna og 52 leituðu í sjúkraskýlið. Tókst að sinna langflestum sem þangað komu og aðeins örfáir þurftu að fara þaðan á heilsugæsluna yfir nóttina.

Á hverjum degi fór fram stöðufundur með fulltrúum heilsugæslu, sjúkradeildar, lögreglu, sjúkraflutninga, ÍBV, öryggisgæslu og sálsgæsluteymis. Þar var farið yfir stöðu mála, lærdóm liðins sólarhrings og það sem mætti bæta til að tryggja sem best öryggi og þjónustu.

Þjóðhátíð er einstakur viðburður sem krefst mikillar samvinnu og umfangsmikils undirbúnings. Að baki vel heppnaðri helgi liggja fjölmargir fundir, skipulagning og undirbúningur þar sem tryggt þarf að vera að nægar birgðir, mannskapur og úrræði séu til staðar, enda aldrei hægt að vita fyrirfram hversu mikið álag verður á þjónustuna.

Þórunn Pálsdóttir er hjúkrunarfræðingur í Vestmannaeyjum. Hún var ein af þeim sem undirbjó og hélt utan um starfseminu á heilsugæslunni um helgina.

„Það er alltaf sérstök stemning sem fylgir því að vinna á þjóðhátíð. Flestir eru í góðu skapi og allir leggja sig fram um að gera sitt besta. Við sem erum að vinna erum jafnframt mörg að undirbúa hátíðina með okkar fjölskyldum og mörg sinna líka öðrum verkefnum fyrir ÍBV yfir helgina. Þegar helgin er að baki eru því flestir orðnir þreyttir, en jafnframt stoltir af góðu samstarfi og vel unnu verki,“ segir Þórunn.

HSU vill þakka starfsfólki, samstarfsaðilum og viðbragðsaðilum fyrir ómetanlegt framlag til Þjóðhátíðar 2026. ■



Bráðaviðbragð í Öræfum komið í hendur heimafólks

Verkefnið markar mikilvægan áfanga í þróun þjónustunnar, þar sem heimafólk tekur nú við ábyrgð á fyrsta viðbragði við bráðum veikindum og slysum.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) hefur nú formlega afhent heimamönnum í Öræfum umsjón bráðaviðbragðs á svæðinu. Verkefnið markar mikilvægan áfanga í þróun þjónustunnar, þar sem heimafólk tekur nú við ábyrgð á fyrsta viðbragði við bráðum veikindum og slysum.

Bráðaviðbragð í Öræfum var fyrst sett á laggirnar í tilraunaskyni í ágúst 2023 og stóð þá yfir í einn mánuð. Markmið verkefnisins var að efla fyrstu viðbrögð á svæði þar sem langt er í heilbrigðisþjónustu, ekki síst í ljósi mikillar fjölgunar ferðamanna. Árið 2022 hafði HSU jafnframt gert samning við björgunarsveitina Kára í Öræfum um mönnun vettvangsliðahóps, sem hefur reynst afar vel og mun halda áfram störfum.

Í kjölfar jákvæðrar reynslu var verkefnið endurtekið sumarið 2024, yfir mánuðina júní til ágúst, í góðu samstarfi við aðra viðbragðsaðila á svæðinu. Frá júní 2025 var bráðaviðbragðið rekið samfellt fram til 1. maí 2026.

„Sagan hefur sýnt okkur hve brýnt er að hafa bráðaviðbragð á þessu víðfeðma og dreifbýla svæði. Það er ánægjulegt hve farsælt og gjöfult samstarf heimamanna, Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og ráðuneytisins hefur reynst við að koma slíku viðbragði á fót. Nú hefur það verið fest tryggilega í sessi með markvissum undirbúningi og góðu skipulagi og ég veit að verkefninu verður vel sinnt í traustum höndum heimamanna í Öræfum“, segir Alma D. Möller heilbrigðisráðherra.

Undanfarin misseri hafa íbúar í Öræfum markvisst aflað sér menntunar í sjúkraflutningum og undirbúið sig fyrir að taka við verkefninu. Þeir voru því tilbúnir að taka við keflinu 1. maí síðastliðinn og sinna nú þjónustunni með bakvöktum allan sólarhringinn.

Helsta breytingin felst í því að sjúkrabíll er ekki lengur staðsettur í Öræfum. Í staðinn er nú viðbragðsbífið, búin nauðsynlegum sjúkrabúnaði til að bregðast við bráðum aðstæðum. Þessi þróun markar skref frá tímabundnu úrræði yfir í sjálfbæra og staðbundna lausn þar sem heimamenn gegna lykilhlutverki í að tryggja öryggi íbúa og gesta á svæðinu.



Um viðbragðið segir Dína Óskarsdóttir, forstjóri HSU; „Við hjá HSU erum afar stolt af þeim áfanga sem hér hefur náðst og þakklát fyrir það traust og samstarf sem hefur gert þetta mögulegt. Árangurinn er afrakstur markvissrar vinnu, öflugs samstarfs og framsýni.

Við hlökkum til áframhaldandi samstarfs og erum fullviss um að þjónustan muni styrkjast enn frekar í höndum þeirra sem þekkja svæðið best og stand því næst”

HSU óskar Öræfingum innilega til hamingju með þennan mikilvæga áfanga. ■



Teton-gervigreindarlausn á hjúkrunarheimilinu Móbergi

Heilbrigðisstofnun Suðurlands hefur stigið mikilvægt skref í nýtingu nýrrar tækni í þjónustu og umönnun með innleiðingu á Teton á Móbergi.

Hjúkrunarheimilið Móberg er fyrsta hjúkrunarheimilið sem innleiðir þessa lausn og fer innleiðingin mjög vel af stað. Teton er gervigreindarlausn sem styður starfsfólk með snjallri og stöðugri yfirsýn yfir líðan og hreyfingu íbúa. Kerfið notar skynjara og gervigreind til að greina ákveðnar breytingar eða atvik, til dæmis fallhættu, hreyfimylnstur eða breytingar á svefni, og getur þannig stutt starfsfólk við að bregðast fyrir við.


Rannsóknir sýna að með innleiðingu lausnarinnar hefur orðið að meðaltali 40% fækkun byltna og allt að 75% fækkun atvika, auk þess sem viðbragðstími getur styst um allt að 95%. Kerfið leggur ríka áherslu á öryggi og persónuvernd.

Ásta Tryggvadóttir, deildarstjóri á Móbergi segir um verkefnið:

Innleiðing á Teton-kerfinu hefur aukið öryggi heimilismanna til muna og höfum við strax orðið vör við jákvæðan árangur af notkun þess. Jafnframt hafa starfsmenn lýst því að þeir upplifi meiri ró í starfi og minni streitu tengda eftirliti með heimilismönnum. Að geta fengið viðvaranir þegar heimilismaður í byltuhættu vaknar og sest upp í rúmi leiðir til mun hraðari viðbragðstíma, sem dregur úr líkum á byltum og stuðlar þannig að auknu öryggi.

Innleiðingin gekk vonum frammar hérna hjá okkur og voru starfsmenn fljótir að ná tökum á þessu kerfi

Innleiðing Teton endurspeglar vilja HSU til að nýta nýsköpun og tækni til að styrkja þjónustu, styðja starfsfólk og efla öryggi og vellíðan þeirra sem njóta þjónustunnar. ■



Útskrift rannsóknarverkefnisins Kraftmiklir krakkar

Rannsóknarverkefnið Kraftmiklir krakkar var kynnt á Sjónaukanum 2026 við Háskólann á Akureyri. Verkefnið, sem er nýsköpunarverkefni innan heilsugæslu Heilbrigðisstofnun Suðurlands, sýnir jákvæðan árangur af fjölskyldumiðaðri meðferð í heilsugæslu.

Markmið teymisins er því að bregðast við vaxandi tíðni barna með offitu og bjóða upp á faglega meðferð og stuðning í heilsugæslu fyrir öll börn á Suðurlandi óháð búsetu.

Niðurstöður rannsóknar sýndi árangur með lækkun á staðalfráviki líkamsþyngdarstuðuls (LPS SF) (e. BMI SD) barna í öllum árgöngum með marktækri lækkun fyrir börn í 4. og 7. bekk. Niðurstöður sýndu jafnframt árangur með jákvæðum breytingum á lífstílsþáttum, t.d. dró úr sykurneyslu, fleiri tóku lýsi og D-vítamín, fleiri foreldrar nýttu sér innihaldslýsingar til að velja sykurminni og sykurlitla matvöru og forðast gjörunnin matvæli. Vísbendingar eru um aukna hreyfingu barna og foreldra, slökkt var fyrr á skjátækjum og fleiri börn voru sátt við sig sjálf í lok meðferðar.

Tilgangurinn með rannsókninni var að kanna hvort sú faglega meðferð og stuðningur innan heilsugæslu sem lífstílsmeðferðin Kraftmiklir krakkar er beri árangur.

Þorbjörg Anna Steinarsdóttir vann meistaraverkefnið sem hluta af stærri rannsókn og eru ásamt Þorbjörgu þau Bjarnheiður Böðvarsdóttir hjúkrunarfræðingur, Eyrún Anna Stefánsdóttir sérnámslæknir í heimilislækningum, Íris Óskarsdóttir heimilislæknir og Vignir Sigurðsson barnalæknir í Kraftmiklir krakkar teyminu.

Það er von teymisins að hér sé komið módel að meðferðarúrræði fyrir börn með offitu sem sé raunhæft að veita í heilsugæslu um allt land. Með snemmtækri íhlutun um boð í meðferðarúrræði strax í kjölfar skimunar í heilsuvernd skólabarna er verið á veita þjónustu á réttum tíma. Með fjölskyldumiðaðri lífstílsmeðferð í heilsugæslu er verið að veita rétta þjónustu á réttum stað. ■



Myndir af teyminu í Uppsala með veggspjald um Kraftmikla krakka á ráðstefnu ECOG í nóvember 2025

Anna tilnefnd heiðursfélagi

Anna Guðríður Gunnarsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun á heilsugsæslustöðinni á Selfossi og fyrrverandi verkefnastjóri ung- og smábarnaverndar hefur verið tilnefnd sem heiðursfélagi félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Skilyrðin voru býsna mikil en þar segir: "Til að fá tilnefningu sem heiðursfélagi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga þarf viðkomandi hjúkrunarfræðingur að hafa lagt eitthvað sérstakt, einstakt eða mikilvægt af mörkum til hjúkrunarsamfélagsins eða skjólstæðinga þess á sviði menntunarmála, félagsmála, þróunar hjúkrunar eða innleiðingu nýrrar þekkingar í hjúkrun. Félagsmenn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga sem eru með fulla aðild, fagaðild eða lífeyrisaðild geta hlotið tilnefningu til heiðursfélaga."

Anna Margrét, aðstoðardeildarstjóri á heilsugæslustöðunni á Selfossi segir: „Þetta uppfyllir Anna Guðríður enda magnaður fagmaður, metnaðarfullur fræðimaður og frábær samstarfsmaður."

Við óskum Önnu Guðríði innilega til hamingju með tilnefninguna og þökkum henni fyrir hennar mikilvægu störf. ■




Anna Guðríður Gunnarsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun á heilsugsæslustöðinni á Selfossi

Heimasíða Kraftmikilla krakka farin í loftið

Rannsóknarhópurinn sem stendur að baki verkefninu Kraftmiklir krakkar hefur opnað nýjan vef á kraftmiklirkrakkar.is

Inni á <https://kraftmiklirkrakkar.is> er hægt að finna fróðleik fyrir foreldra og börn varðandi heilbrigðan lífstíl, aukinheldur eru þar upplýsingar fyrir heilbrigðisstarfsfólk í heilsugæslu sem hafa áhuga á að setja upp Kraftmiklir krakkar lífstílsmóttöku fyrir börn með offitu á sinni stöð.

Verkefnið hefur hlotið verðskulda athygli hérlandis og hlotið fjölda tilnefninga fyrir nýsköpun í



heilbrigðisþjónustu en fyrir skemmstu var verkefnið tilnefnt til Nýsköpunarverðlauna hins opinbera árið 2026.

Kraftmiklir krakkar er nýsköpunarverkefni þverfaglegs heilbrigðisstarfsmanna á heilsugæslu HSU og lesa má nánar um upphaf verkefnisins í frétt frá síðasta ári. ■

Ársfundur HSU

Heilbrigðisstofnun Suðurlands stóð fyrir vel heppnuðum ársfundi í lok maí.

Alma D. Möller, heilbrigðisráðherra opnaði fundinn með rafrænu ávarpi. Dána Óskarsdóttir, forstjóri leit yfir farinn veg, rifjaði upp það sem vel tókst árið 2025 og hvaða tækifæri eru framundan. Margrét Björk Svavarsdóttir, framvæmdastjóri fjármála greindi frá ársreikningi og rekstrarstöðu stofnunarinnar. Þá var Elín Freyja Hauksdóttir, yfirlæknir á heilsugæslunni á Höfn með erindi um bráðabjónustu á Suðurlandi.

Þegar formlegri dagskrá var lokið var starfsfólk sem hefur nýverið hætt störfum á stofnuninni vegna aldurs heiðrað. Til gamans má geta að samantlagður starfsaldur þessa hóps var um 400 ár. Við þökkum þeim kærlega fyrir þeirra mikilvægu störf.

Að lokum gaf Lionsklúbburinn Embla bráðamóttökunni og bráðalyflækningadeildinni á Selfossi nýjan blöðruskanna sem mun nýtast vel og þökkum við þeim og öðrum sem hafa styrkt stofnunina með einum eða öðrum hætti kærlega fyrir. ■

Ársfundinum var streymt og er hægt að horfa á hann hér:
<https://www.youtube.com/live/iufkymVh71c>

Ársskýrsluna er hægt að lesa hér:
<https://island.is/s/hsu/utgefing-efni?q=%C3%81rssk%C3%BDrska>



HSU með tvær tilnefningar til Nýsköpunarverðlauna hins opinbera 2026

Heilbrigðisstofnun Suðurlands var í apríl tilnefnd til Nýsköpunarverðlauna hins opinbera 2026 í flokknum „Ráðuneyti / A-hluta stofnun / Opinbert hlutafélag“. Það var fjöldi sterkra tilnefninga í ár og var dómnefnd sem mat hverja og eina af kostgæfni. Að vera þarna á meðal er sjálfstæð viðurkenning á því sem starfsfólk HSU hefur áorkað.

Stofnunin var tilnefnd tvívegis í þessum flokki. Annars vegar fyrir Heimaspítalann, sem færir sérhæfða þjónustu inn á heimili eldri borgara og dregur úr endurinnlögnum og álagi á bráðamóttöku, og hins vegar fyrir verkefnið „Kraftmikla krakka“, sem er þverfaglegt verkefni um heilsu og lífsgæði barna sem byggir á samstarfi fagfólks og fjölskyldna.

Einnig var nefnt að HSU var jafnframt fyrst heilbrigðisstofnana á landinu til að innleiða markvissar fjarvöktunarmælingar á heimilum hjartasjúklinga. Þetta sýnir staðfastan vilja til að færa þjónustuna nær fólkinu og er fordæmi fyrir aðra.

Það skiptir máli að opinbert starfsfólk berjist fyrir framförum, því það eru þau sem þekkja kerfin best og sjá hvar bæta má þjónustu, auka skilvirkni og skapa virði fyrir samfélagið. Þessi tilnefning er til merkis um að eftir framlagi starfsfólksins er tekið - og vonandi verður hún því hvatning til enn frekari afreka.

Við óskum starfsfólkinu okkar innilegar hamingjuóskir með þessar tilnefningar og þökkum fyrir mikilvægt framlag til opinberrar nýsköpunar. ■

The poster is blue with white and yellow text. It features the logo of Fjárfestir (Fjárfestir) in the top left corner. The main title is 'Heilbrigðisstofnun Suðurlands' in large white letters, followed by 'Hlaut tilnefningu' in smaller white letters. Below this, it says 'VERÐLAUNIN' in small yellow letters, followed by 'Nýsköpunarverðlaun hins opinbera 2026' in large white letters. At the bottom, it says 'FLOKKUR' in small white letters, followed by 'Ráðuneyti / A-hluta stofnun' in small white letters.


Nýtt sönartæki tekið í notkun

Fósturgreiningardeild á Selfossi tók í notkun nýtt sönartæki, líkt og eru í notkun á Landspítala.

Með nýja tækinu framkvæmum við áfram 12 vikna sönarskoðanir, 20 vikna sönarskoðanir og vaxtarsónar, en bætt myndgæði gera skoðanir enn nákvæmari fyrir bæði verðandi foreldra og starfsfólk.

Í dag er samþætt líkindamat (hnakkabyggtarmæling) áfram framkvæmt á Landspítala. Í náginni framtíð verður hins vegar farið að bjóða upp á NIPT-próf í staðinn, sem opnar jafnframt möguleika á að veita þá þjónustu hér á Selfossi.

Við fögnum þessari mikilvægu uppfærslu á búnaði og þjónustu fyrir þungaðar konur á Suðurlandi. ■



Vel heppnað Bergmál á Þingvöllum

Tónlistarhátíðin Bergmál með hljómsveitina Kaleo í aðalhlutverki fór fram á Þingvöllum fyrr í sumar og þótti fara vel fram. Í samfélagsmiðlapósti eftir viðburðinn þakkaði lögreglan samstarfsaðilum á borð við HSU kærlega fyrir samvinnuna.

„Árangur verkefnis af þessari stærðargráðu byggist á því að margir aðilar vinni að sameiginlegu markmiði. Bergmál er gott dæmi um hvernig samvinna, fagmennska og góður undirbúningur geta skilað öruggum og vel heppnuðum viðburði á einum merkasta stað landsins.“

Við tökum undir orð lögreglunnar. Viðburður af þessari stærðargráðu gerist ekki án aðkomu sjúkraflutningamanna og heilbrigðisstarfsfólks, hvort sem um er að ræða viðbragð á vettvangi eða á bráðamóttöku. Sem fyrr erum við ofboðslega stolt af starfsfólki okkar hjá HSU. ■



Fólkið okkar: Hjartað í HSU

Ljósmyndari HSU fór á stjá á dögnum og greip starfsfólk á Selfossi að störfum. Fjölbreytt og ómetanleg störf eru unnin innan veggja okkar á öllum starfsstöðvum á hverjum degi.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands starfrækir 9 heilsugæslustöðvar á 10 starfsstöðvum, í Hveragerði, Þorlákshöfn, Selfossi, Uppsveitum, Rangárþingi (Hellu og Hvolsvelli), Vestmannaeyjum, Vík í Mýrdal, Kirkjubæjarklaustri og Höfn í Hornafirði.

Einnig eru starfrækt tvö sjúkrahús, eitt á Selfossi og annað í Vestmannaeyjum. Á Höfn í Hornafirði eru líka nokkur bráðarými. Að auki eru hjúkrunar- og hvíldarrými rekin á Selfossi og í Vestmannaeyjum.

Á Selfossi er opin bráðamóttaka allan sólarhringinn. Á öllum heilsugæslustöðvum HSU er bráðavakt lækis fyrir neyðartilfelli. Þá annast stofnunin alla sjúkraflutninga á svæðinu.

Hjá stofnuninni starfa tæplega 900 manns manns í 600 stöðugildum. Fólkið okkar, þessi magnaði mannauður, er hjartað í HSU. ■



Hópslysæfing reyndi á góða samvinnu viðbragðsaðila

Hópslysæfing fór fram laugardaginn 25. apríl 2026 á Bakkaflugvelli og Gunnarshólma í Rangárlingi. Markmið æfingarinnar var að bæta viðbragðsgetu og tryggja skilvirk samskipti milli þeirra aðila sem koma að björgunar- og neyðarstörfum á Suðurlandi.

„Æfingin gekk ljómandi vel! Æfingin var ekki einföld, en þetta var gaman og reyndi svo sannarlega á teymisvinnu,” segir Þorsteinn Hoffritz aðalvarðstjóri sjúkraflutninga hjá HSU.

Í æfingunni var líkt eftir fjöldaslysi þar sem reynt var á viðbrögð, samskipti og ákvarðanatöku þátttakenda. Viðbragðsaðilar frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Almannavörnum, Björgunarsveitum, Lögreglunni og Landhelgisgæslunni komu að æfingunni. Starfsfólk HSU voru um 20 talsins, þar af sjúkraflutningamenn, hjúkrunarfræðingar og vakthafandi læknir í Rangárlingi auk leiðbeinanda í fyrstu hjálp. Allir þessir

viðbragðsaðilar fengu tækifæri til að þjálfa samstarf sitt við krefjandi aðstæður.

Undirbúningur og framkvæmd æfingarinnar var í höndum reyndrar æfingastjórnar sem samanstóð af fulltrúum helstu viðbragðsaðila landsins. Þar á meðal voru tveir starfsmenn Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, sem komu að skipulagningu og stýringu æfingarinnar, þeir Hermann Marino Maggyarson, yfirmaður sjúkraflutninga hjá HSU, og Þorsteinn Hoffritz.

Skipulagningin er búin að taka margar vikur og voru stjórnendur hópslysæfingarinnar gríðarlega sátt með daginn. „Við skipuleggjendur og þau sem tóku þátt voru mjög sátt við dagsverkið. Þetta var bara ótrúlega flott allt saman og enn og aftur reyndi á góða samvinnu viðbragðsaðila á Suðurlandi,” segir Þorsteinn að lokum. ■

Ljósmyndir: Rúnar Freyr Gunnarsson






Svipmyndir úr ársskýrslu HSU

Heilbrigðisstofnun Suðurlands stóð fyrir vel heppnuðum ársfundi í lok maí 2026. Þar var kynnt ársskýrsla HSU fyrir liðið ár þar sem eru meðal annars starfsemistölur fyrir árið 2025 og við sýnum hérna glefsur úr.





Sjúkraflutningafólk blómstrar við krefjandi aðstæður á Kirkjubæjarklaustri

Með aukinni umferð um þjóðveginn yfir sumarið skipta sjúkraflutningar HSU og bráðaviðbragð sköpum. Starfsfólk HSU á Kirkjubæjarklaustri vinnur vel saman og sinnir mikilvægri þjónustu á svæðinu.

„Hér fáum við að gera meira í krefjandi aðstæðum og öðlumst mikla starfsreynslu. Það er góður stuðningur á milli vakta og ef maður er óviss í aðstæðum er maður ófeiminn að spyrja,“ segir María Ösp Árnadóttir, sjúkraflutningamaður á Kirkjubæjarklaustri.

Allur búnaður er eins í öllum sjúkraflutningabílum í umdæminu svo starfsfólk í bráðaviðbragði fer reiðubúið með bestu mögulegu tólin í öll útköll.

María segir að það sé gríðarlega vel hugað að öryggi þegar unnið er að sjúkraflutningum á þessu svæði og starfsfólk sé alltaf reiðubúið að leggja sitt af mörkum og aðstoða jafnvel þó að einstaklingar séu ekki á vakt þegar útköll eru. Það sé mikilvægt að halda reynslu til að glata ekki kjarkinum í starfinu. ■



Gifsnámskeið

Bráðamóttaka HSU heldur gifsnámskeið reglulega til að þjálfva og viðhalda færni hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða.

Kennari á síðasta námskeiði var Berglind Rós Bergsdóttir en hún sér um brotaendurkomu bráðamóttökunnar ásamt Víði Óskarssyni. ■



Gestir frá Slóveníu


Deildarstjórar hjúkrunarheimilisins á Móbergi tóku á móti forstjórum frá 45 hjúkrunarheimilum í Slóveníu.

Eftir að hafa skoðað húsnæðið, fengið fyrirlestur um bygginguna og fræðslu um starfsemi HSU var góð umræða um samanburð á hjúkrunarþjónustu milli þessara tveggja landa.

Heimsóknin var hluti af Íslandsför Samtaka félagsstofnanna í Slóveníu sem vildu kynna sér húsnæðið og hvernig hjúkrunarheimilisþjónusta væri hér á landi. ■



Þjónustusvæði HSU



Starfsemi stofnunarinnar spannar víðfeðmt landsvæði, þar sem lengd milli ystu starfsstöðva – frá Hellisheiði til Hafnar – er um 412 km. Þessi dreifing kallar á öflugt skipulag, góð samskipti og sveigjanleika í þjónustu.

Hjartað í HSU



Hjartað í HSU er fréttapóstur Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og gefinn út af stofnuninni ársfjórðungslega.
Ábm: Dína Óskarsdóttir

Fylgstu með Heilbrigðisstofnun Suðurlands á vef og samfélagsmiðlum:

-  www.hsu.is (vefur Heilbrigðisstofnunar Suðurlands)
-  [Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Facebook](#)
-  [Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Instagram](#)
-  [Heilbrigðisstofnun Suðurlands á LinkedIn](#)



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS